

9. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Deildarforsetar eiga rétt á að vera leystir undan skyldum í sínu fasta starfi að nokkru eða öllu leyti. Rektor ákveður með samþykki menntamálaráðherra hvernig ráðstafa skuli starfsskyldum þeirra.

10. gr.

Á eftir 3. mgr. 36. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 8/1985, bætast tvær nýjar mgr. svohljóðandi:

Heimilt er háskólaráði, að fenginni staðfestingu menntamálaráðherra, að starfrækja endurmenntunarstofnun er hafi að meginhlutverki að standa fyrir endurmenntun háskólamanna. Slík endurmenntunarstofnun starfi í nánum tengslum við allar deildir háskólans. Háskólaráð getur heimilað að félög háskólamanna og aðrir skólar á háskólastigi taki þátt í stjórn stofnunarinnar, að fengnu samþykki menntamálaráðherra. Nánar skal kveðið á um starfssvið og stjórn slíkrar stofnunar í reglugerð.

Við Háskóla Íslands skal starfrækt námsráðgjöf sem sérstök háskólastofnun. Háskólaráð setur reglur um stjórn stofnunarinnar og starfsemi.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal þá fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

LÖG

**um viðauka við lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn,
tollstjórn o.fl., nr. 74 27. apríl 1972.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við eftirtalin embætti skulu starfa héraðsdómarar sem hér greinir:

- a. Við embætti sýslumannsins í Vestur-Skaftafellssýslu, sýslumannsins í Rangárvalla-sýslu, bæjarfógetans á Akranesi, sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og bæjarfógetans í Ólafsvík og sýslumannsins í Dalasýslu skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.
- b. Við embætti sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, bæjarfógetans í Bolungarvík, sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Ísafirði og sýslumannsins í Stranda-sýslu skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.

- c. Við embætti sýslumannsins í Húnavatnssýslu, sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Sauðárkróki, bæjarfógetans á Siglufirði, bæjarfógetans á Ólafsfirði, sýslumannsins í Þingeyjarsýslu og bæjarfógetans á Húsavík skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.
- d. Við embætti sýslumannsins í Norður-Múlasýslu og bæjarfógetans á Seyðisfirði, sýslumannsins í Suður-Múlasýslu og bæjarfógetans á Eskifirði, bæjarfógetans í Neskaupstað og sýslumannsins í Austur-Skaftafellssýslu skal starfa einn héraðsdómari fyrir öll embættin í senn.
- e. Við embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli skal starfa einn héraðsdómari.

2. gr.

Forseti Íslands skipar héraðsdómara samkvæmt lögum þessum. Héraðsdómarar skv. a–d-liðum 1. gr. skulu skipaðir að tillögu dóms- og kirkjumálaráðherra, en dómari skv. e-lið 1. gr. að tillögu utanríkisráðherra.

Héraðsdómarar samkvæmt lögum þessum skulu skipaðir tímabundið til 30. júní 1992, en þá leggjast embætti þeirra niður. Njóta þeir ekki þess forgangs til skipunar í embætti héraðsdómara eftir þann tíma sem kveðið er á um í 18. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Heimilt er að skipa héraðsdómara fyrsta sinni samkvæmt lögum þessum án þess að embættin hafi áður verið auglýst laus til umsóknar.

Skipa má mann í embætti héraðsdómara samkvæmt lögum þessum þótt hann fullnægi ekki skilyrðum 7. tölul. 1. mgr. 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936.

3. gr.

Héraðsdómurum skv. a–d-liðum 1. gr. verður ekki falið að fara með stjórnvaldsmálefni eða dómstörf í öðrum málum en opinberum málum nema með samþykki þeirra.

4. gr.

Um störf, réttindi og skyldur héraðsdómara samkvæmt lögum þessum fer eftir almennum reglum að öðru leyti en leiðir af fyrirmælum 2. og 3. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Óli P. Guðbjartsson.